

**Nd. 101. Frumvarp**

til laga um bann við okri.

Flm.: Bergur Jónsson, Jónas Þorbergsson.

1. gr.

Þegar samið er um vexti af peningum, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 6 af hundraði á ári.

2. gr.

Ef peningalán er tryggt með fasteignaveði eða á annan öruggan hátt, skal eftirleiðis vera frjálst að taka sömu vexti og útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

3. gr.

Ef peningalán er hvorki tryggt með fasteignaveði né á annan öruggan hátt, má taka vexti, er séu allt að tveimur af hundraði hærri en útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

4. gr.

Þegar reikna skal hámarksvexti samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal í þeim útreikningi taka tillit til kostnaðar við lántöku, affalla, afsláttar af lánsupphæðinni og þess háttar, sem allt skal reiknað sem vextir af lánsupphæðinni.

5. gr.

Þegar skuldari greiðir ekki skuld sína á réttum gjalddaga, er hann skyldur til, frá þeim degi, er lánardrottinn leitar réttar síns á löglegan hátt og unz hann greiðir skuld sína, að greiða í vexti einum meira af hundraði en heimilað er í lögum eða siður og venja er til milli kaupmanna. Þessu skal einnig fylgt um lán, sem standa í fasteignum. Þó mega seinni veðhafar einskis í missa við það, að hinir algengu eða umsömdu vextir af slíkum lánnum eru hækkaðir.

Hærri dráttarvexti en 1 af hundraði á ári má ekki taka.

6. gr.

Ef samið er um hærri vexti eða dráttarvexti en greint er í lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og ef hærri vextir eða dráttarvextir hafa verið teknir, ber lánsala að endurgreiða skuldara þá upphæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft.

Sá, er lánar peninga gegn hærri vöxtum eða dráttarvöxtum en greinir í lögum þessum, og sá, er útvegar slík peningalán, skal sæta sektum, er aldrei séu lægri en fjórfaldur og aldrei hærri en tuttugu og fimmfaldur sá ágóði, er ólöglega hefir tekinn verið eða áskilinn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febrúar 1890, um vexti.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv. því, er flutt var á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo látandi greinargerð:

„Frumv. þetta er flutt fyrir tilmæli lögreglustjórans í Reykjavík. Ástæðurnar til þess eru þær, sem flestum landsmönnum er kunnugt um, að okurháir vextir af peningum fara óðum í vöxt manna á meðal. Þess eru nú á seinni árum

mýmörg dæmi, að þeir, sem eru í kröggum, eru svo ofurseldir okrunum, að þeir verða að greiða á annað hundrað í ársvexti. Að teknir séu 6 af hundraði og 30—50 af hundraði í afföll af skuldabréfum með tryggu veði í fasteign, er orðið talsvert algengt nú upp á síðkastið.

Öllum mun nú vera ljóst, hve stórkostleg ábrif þetta okur hefir í þjóðlíf-inu. Þeir, sem okurlánin taka, eru næstum alltaf í neyð. Þeir vonast flestir að geta hjargað sér úr neyðinni og örðugleikunum með láni, þótt óhagstætt sé, en reynsla flestra eða næstum allra mun eðlilega verða sú, að lánið hjargar þeim ekki, heldur þvert á móti. Ástæðan er ofureðlileg, eða sem sagt sú, að engir atvinnuvegir í landinu, hvort sem er verzlun, leiga á húseignum eða annað, er svo arðvænleg, að hún gefi svipaðan arð og okrarinn heimtar, og þess vegna hlýtur niðurstaða lántakandans einatt að verða sívaxandi tap. En áður en lántakandinn gefur upp á bátinn til fulls, reynir hann þó að ná sér niðri á viðskiptamönnum sínum og vinna þar upp hina háu vexti með hærri húsaleigu, háu vöruverði o. s. frv. Okurvextirnir hafa því stórkostleg áhrif í þá átt að hækka verðlagið í landinu og gera það óheilbrigt.

Fyrir þá einstaklinga, sem neyðast til að taka peninga að láni með okurvöxtum, er það næstum alltaf viss eyðilegging, og fyrir þjóðfélagið veldur það tjóni af ástæðum, sem að framan er greint. Sá eini, sem græðir, er okrarinn.

Þau peningalán, sem tekin eru með hærri ársvöxtum en 10%, virðist því fullkomin ástæða til fyrir þjóðfélagið að hanna, því eftir að vextir eru orðnir hærri, geta þau lán alls ekki talizt til þeirrar heilbrigðu peningaverzluar, sem þjóðfélagið getur viðurkennt sem eðlilega og réttmæta.

Að framfylgja þessum lögum mun mega telja tiltölulega auðvelt“.